

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna o.fl.).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. 2. gr. falli brott.
2. 3. gr. orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:
 - a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ef allir hluthafar félagsins samþykkja það samhljóða á hluthafafundi má ákveða að greinargerðin skuli ekki samin og skal þá senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins ásamt endurskoðuðum sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi fyrir félögin.
 - b. Í stað orðanna „Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: Félagsstjórnir skulu annast um að saminn sé endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur.
 - c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Félögum sem falla undir 87. gr. a laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og hafa skilað inn milliuppgjöri og gert það aðgengilegt öllum hluthöfum er heimilt að falla frá samningu endurskoðaðs sameiginlegs efnahags- og rekstrarreiknings ef allir hluthafar félagsins samþykkja það samhljóða á hluthafafundi og skal þá senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
4. mgr. 122. gr. laganna orðast svo:
Ef allir hluthafar í samrunafélögunum samþykkja samhljóða á hluthafafundum að óháðir, sérfróðir matsmenn skuli ekki gera skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr., skal senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins ásamt endurskoðuðum sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi fyrir félögin.
4. Við 4. gr.
 - a. Orðin „nema hluthafar samþykki annað samhljóða“ í a-lið falli brott.
 - b. C-liður orðist svo: Á eftir orðunum „Efnahags- og rekstrarreikningur“ í 3. tölul. 5. mgr. kemur: sbr. þó 3. mgr. 121. gr.
 - c. Við bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
 - d. Við 4. tölul. 5. mgr. bætist: og eftir því sem við á, sbr. 3. másl. 1. mgr. 121. gr.
 - e. Við 5. tölul. 5. mgr. bætist: og eftir því sem við á, sbr. 4. mgr. 122. gr.
5. 7. gr. falli brott.

6. 8. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 96. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ef allir hluthafar félagsins samþykkja það samhljóða á hluthafafundi má ákveða að greinargerðin skuli ekki samin og skal þá senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins ásamt endurskoðuðum sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi fyrir félögin.
- b. Í stað orðanna „Greinargerðinni skal fylgja endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: Félagsstjórnir skulu annast um að saminn sé endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Félögum sem falla undir 87. gr. a laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og hafa skilað inn milliuppgjöri og gert það aðgengilegt öllum hluthöfum er heimilt að falla frá samningu endurskoðaðs sameiginlegs efnahags- og rekstrarreiknings ef allir hluthafar félagsins samþykkja það samhljóða á hluthafafundi og skal þá senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins.

7. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

1. másl. 4. mgr. 97. gr. laganna orðast svo: Ef allir hluthafar í samrunafélögunum samþykkja samhljóða á hluthafafundum að óháðir, sérfróðir matsmenn skuli ekki gera skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr., skal senda hlutafélagaskrá afrit af fundargerð fundarins ásamt endurskoðuðum sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningi fyrir félögin.

8. Við 9. gr.

- a. Orðin „nema hluthafar samþykki annað samhljóða“ í a-lið falli brott.
- b. C-liður orðist svo: Á eftir orðunum „efnahags- og rekstrarreikningur“ í 3. tölul. 5. mgr. kemur: sbr. þó 3. mgr. 96. gr.
- c. Við bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
 - d. Við 4. tölul. 5. mgr. bætist: eftir því sem við á, sbr. 3. másl. 1. mgr. 96. gr.
 - e. Við 5. tölul. 5. mgr. bætist: og eftir því sem við á, sbr. 1. másl. 4. mgr. 97. gr.